

Breytt fjármögnun hafnaframkvæmda

Hér á eftir er stillt upp dæmi um fjárhagsleg áhrif laganna á fjárstreymi hafna og ríkissjóðs. Sú forsenda er gefin að um 1000 m.kr. af framkvæmdakostnaði innihaldi uppsafnaðan virðisaukaskatt þ.e. framkvæmdakostnaður að sérfræðiþjónustu frátalinni sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af. Lauslegt mat gaf til kynna að um 20 - 30% af veltu hafna sé aðkeypt þjónusta þar sem virðisaukaskattur fæst ekki endurgreiddur af í dag. Eftirfarandi er mat á heildaruppsöfnuðum virðisaukaskatti hafnarsjóða sem njóta ríkisstyrkja þ.e. allir hafnarsjóðir landssin utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar:

	Fjárhæð brúttó sem ber uppsa. vsk.	Uppsafnaður Virðisaukask.
Ríkisstyrktrar framkvæmdir	1000 m.kr.	197 m.kr.
Aðk. vörur og þjón. 25% af 1,3 mia	330 m.kr.	65 m.kr.
Samtals uppsafnaður virðisaukaskattur		262 m.kr.

Þessi útreikningur sýnir, að öðru óbreyttu, gjöld hafnarsjóða utan Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhafna lækka um 262 m.kr. við að ríkissjóður verður af virðisaukaskatti af hafnarframkvæmdum, aðkeyptri þjónustu og vörum hafnarsjóða. Uppsöfnun virðisaukaskatts í rekstri Reykjavíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar m.v. þessara hafna er ekki heldur talinn með. Uppsöfnun virðisaukaskatts í rekstri þessara hafna er lauslega áætlaður 80 m.kr. miðað við 500 m.kr. árlegar framkvæmdir og um 20 – 30 m.kr. uppsöfnun virðisaukaskatts í rekstri hafnanna.

Breytingar á heildarfjársterymi til hafna.

Gert er ráð fyrir að frumvarp þetta hafi ekki veruleg áhrif á heildartekjustreymi til hafna. Að neðan getur að líta yfirlit um áætlaðar breytingar. Tekið skal fram að afnám sérstaks vörugjalds hefur hér óbein áhrif án þess að grein sé fyrir því gerð hér.

1.0 Núverandi fjárstreymi

1.1 Árlegt framlag fjárlaga 1.000 m.kr.

2.0 Breytt fjármögnun hafnaframkvæmda

2.1 Árlegt framlag fjárlaga 100-150 m.kr.

2.2 Innskattur 300 “

2.3 Hækkun tekna 400 “

Samtals 800-850 m.kr.